

## SKATTAHÆKKANIR DÝPKA KREPPUNA

Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins, fjallaði um fyrirhugaðar skattahækkanir á fundi Ráðgjafaráðs SI 26. nóvember sl. Hann sagði m.a.:

Ef við stóraukum skatta í kreppu þá lengjum við kreppuna og dýpkun hana. Það er mjög hættulegt að skattleggja fólk og fyrirtæki á tímum síminnkandi ráðstöfunartekna.

Keðjuverkunarhrifin í ranga átt eru mikil og mér er til efs að stjórnvöld hafi metið þau til fulls í útreikningum sínum.

Það er löngu sannað að miklar hækkanir á neyslusköttum valda minnkun neyslu á þeim vörum sem skattlagðar eru – og þar með skila skattar sér ekki til hins opinbera eins og vonir standa til. Þetta á við um þau vörugjöld og hækkaðan virðisaukaskatt sem nú er verið að leggja á iðngreinar eins og drykkjarvöruframleiðslu, sælgæti o.fl. og þetta gildir einnig um hækkaða gjaldtöku á tóbak, áfengi og eldsneyti.

Núverandi stjórnvöld ætla að gjörbreyta skattakerfinu með lífskjarajöfnun að yfirskini. Ég er ósáttur við það að þau ætli að jafna kjörin í þjóðfélaginu NIÐUR. Það gera þau með því að dýpka kreppuna með allt of þungum sköttum ofan á kjararárnun og stórversnandi afkomu í atvinnulífinu. Það dregur úr framkvæmdavilja og frumkvæði fólks og fyrirtækja. Ég vil fremur sjá vaxtarstefnu og aukna verðmætasköpun sem skilar auknum tekjum í sameiginlega sjóði en ekki kyrkjandi ráðstafanir sem draga okkur sem þjóð NIÐUR í stað þess að stýra okkur UPP úr kreppunni.

Ríkisstjórnin ætlar að vinna hratt að þessum breytingum því hún veit ekki fremur en aðrir hve langan tíma hún hefur til að vinna þessa hugmyndafræðilegu sigra sína.

Hætt er við að fyrirhugaðar breytingar muni aflaga flest það sem tekist hefur að færa til betri vegar í skattamálum á Íslandi síðustu 20 árin. Hvað halda menn að SI hafi lagt mikla vinnu í að fá vörugjöld felld niður í iðnaði? Það var áratugastreð – og nú koma vörugjöldin til baka. Það tók mikið á að fá eignarskatta fellda niður, en þeir eru úreltur skattstofn sem tekur ekki mið af greiðslugetu eða afkomu. En nú eru þeir að koma aftur undir því gildishlaðna heiti „auðlegðarskattar“. Áralöng barátta skilaði lækkun tekjuskatta á fólk og fyrirtæki en nú er hækkunarferlið komið á fulla ferð. Menn sættust á fjármagnstekjuskatt á sínum tíma þegar hann var hóflegur, 10%. En nú er hann á leið í 18%, þ.e. 80% hækkun frá miðju þessu ári.

Ástæða er til að óttast frekari aðför að skattakerfinu.

Helgi Magnússon velti því síðan fyrir sér hvernig ætti að leysa vanda ríkissjóðs án þess að umturna skattakerfinu og nefndi fjölda dæma um sparnað sem þó myndi ekki bitna frekar á velferðar-eða menntakerfinu. Hann sagði ennfremur:

Stjórnvöld halda því fram að þeir sem vilja sparnað í ríkisútgjöldum séu á móti menntun, fátækum og sjúkum – séu á móti velferðarkerfinu. En þetta er ekki rétt.

Ég vil draga enn frekar úr útgjöldum ríkissjóðs og það strax á næsta ári. Það þarf hagræðingu í rekstri hins opinbera – rétt eins og atvinnulífið hefur þurft að gera. Við erum ekki á móti velferðarkerfinu og við styðjum menntun og höfum sýnt það í verki hjá Samtökum iðnaðarins. Það er unnt að draga verulega úr ríkisútgjöldum án þess að ráðast á velferðina og menntakerfið.

Við Íslendingar þurfum nú að horfast í augu við það að við erum smáþjóð í vanda og við verðum þá líka að hætta að haga okkur eins og stórþjóð. Við þurfum að minnka yfirbygginguna, við þurfum að hætta að slá um okkur með stærilæti og stórmennsku. Komum okkur niður á jörðina og látum af því þjóðarmonti sem margir telja að sé drifið áfram af minnimáttarkennd smáþjóðar.

Að lokum sagði formaður SI:

Það væri ekkert flókið að benda á sparnað upp á t.d. 10 milljarða króna, skv. fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi, sem hefði ekki í för með sér neinn skaða fyrir velferðar-eða menntakerfið. Með því væri hægt að afstýra óheppilegum skattahækkunum og skattkerfisbreytingum – ef vilji væri fyrir hendi.

En viljinn virðist ekki vera fyrir hendi hjá núverandi ríkisstjórn. Hún hefur ekki vilja til að draga nægilega úr ríkisútgjöldum en hún hefur nægan vilja til að hækka skatta.